

REGLUGERÐ

42

2. marz

um viðauka við reglugerð frá 11. febrúar 1948, um ríkisábyrgð vegna
bátaútvegsins o. fl.

Aftan við 10. tölulið 5. gr. reglugerðarinnar komi nýr töluliður, er verður 11. töluliður, svo hljóðandi:

Þorskþunnildi, himnudregin, fullsöltuð og fullstaðin, pökkuð í hessianstriga 25 kg í pakka, pr. kg fob. kr. 2.00.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 128/1947 til að öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 2. marz 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

GJALDSKRÁ

43

3. marz

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. RAFORKA

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Þar, sem raforkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli á 93 aura hver kwst.
2. Um hemil eða hemil-mæli á 116 hvert árshektóvatt, og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw. og bil milli tveggja stillinga eiga vera minna en 15% hinnar hærri. Umframnotkun skal seld samkvæmt gjaldskrárlið A 1. Samkvæmt þessum lið má selja útiljós, enda þótt mælitækjum verði ekki við komið.
3. Um kwst.-mæli á 23 aura hver kwst. auk fastagjalds, er nemi 116 kr. á ári fyrir allt að 25 m² gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 3,35 fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal deila fermetragjaldinu með 3,5.
4. Um tvígjaldsmæla, ef um meira en 2,5 kw. afl er að ræða og notkunartíminn er meiri en 600 klst. á ári, á 93 aura á kwst. á ljósatíma, en 23 aura á kwst. utan ljósatíma. Ljósatími skal talinn þessi:
 - Í apríl til ágúst frá kl. 20½ til kl. 22.
 - Í september og marz frá kl. 19 til kl. 22.
 - Í október og febrúar frá kl. 17½ til kl. 22.
 - Í nóvember og janúar frá kl. 16 til kl. 22.
 - Í desember frá kl. 15 til kl. 22.

Ef ársnotkun er meiri en 20000 kwst. má veita afslátt á notkun utan ljósatíma samkvæmt ákvæðum gjaldskrárliðs C 4.

Verði tvígjaldsmæli ekki við komið, er heimilt að nota einfalda ljósmæla undir þessum gjaldskrárlið og skal þá reikna 7 kwst. ársnotkun á hvern fer-